

Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar

19. fundur landbúnaðarnefndar, haldinn mánudaginn 19. febrúar 2018. Fundurinn var á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mættir voru: Sverrir Möller formaður, Maríus Halldórsson, Sigríður Ósk Indriðadóttir og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargerð

1. Refa- og minkaveiðar 2018 og fjárveitingar 2018

Lögð fram samantekt um veiðarnar 2017 ásamt bókun sveitarstjórnar um fjárveitingar til verkefnisins 2018.

Samþykkt um bókun: Nefndin fagnar góðum árangri við fækkun á ref og eyðingu minks. Nefndin er sammála um að þörf sé á áframhaldandi veiðum og fækkun og telur að áframhaldandi starfi, sem hófst fyrir tveimur árum, komi kostnaður til með að lækka að sjálfu sér. Ástandið var orðið slæmt og því lá fyrir að kostnaður yrði nokkur við að ná tókum á veiðunum aftur. Nefndin telur miðað við fjölda vargdýra sem eru á svæðinu að mikil þörf sé á áframhaldandi veiðum. Í byggðalaginu eru verðmæt æðvarvörp, fuglalíf og lax- og silungsveiðisvæði sem nauðsynlegt er að verja. Hún mælir með að aðferðir við eyðingu minks verði skoðar með hliðsjón af kostnaði og afköstum. Samþykkt samhljóða.

2. Ályktun um málefni sauðfjárbænda

Skv. bókun sveitarstjórnarfundar er sveitarstjóra falið að hafa samráð við landbúnaðarnefnd um efni ályktunnar um þetta mál.

Samþykkt um bókun: Nefndin fagnar ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja til viðbótar um 650 m.kr. til sauðfjárræktar í landinu. Tryggja þarf að sauðfjárrækt sé sjálfbær og bændum á svæðinu gert kleift að stunda sauðfjárrækt sem atvinnugrein á einu besta sauðfjárræktarsvæði landsins. Bændum er nauðsynlegt að geta sinnt kynbótum og ræktun og aðbúnaður dýra þurfi ekki að bíða tjón af lækkuðu afurðarverði. Staða sauðfjárræktar hefur áhrif á búsetu í sveitarfélaginu og ef bændum fækkar eitthvað er hætt við að hrun verði í stéttinni og jarðir fari úr ábúð. Samþykkt samhljóða.

3. Ónýtar girðingar

Sveitarstjórn hefur falið sveitarstjóra að rita landeigendum bréf þar sem tilkynnt verður að ónýtar girðingar verði fjarlægðar skv. heimild í girðingalögum.

Samþykkt um bókun: Nefndin fagnar ákvörðun sveitarstjórnar um að taka niður ónýtar girðingar í sumar og hvetur sveitarstjórn að vinna að málinu sem fyrst og bjóða verkið út.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

- a) Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi – lykilhlutverk sveitarfélaga, erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 12. des. 2017, sent landbúnaðarnefnd til umsagnar.

Samþykkt um bókun: Nefndin telur nauðsynlegt að haldið verði áfram að endurheimta votlendi í byggðarlaginu. Hins vegar verður að vera tryggt að bændur og aðrir landeigendur fái endurgreitt, en því miður hefur borið á því að ríkisvaldið, eða stofnanir á vegum þess, hafi ekki efnt samninga um greiðslur fyrir endurheimt votlendis sem framkvæmt hefur verið. Landgræðslan er hvött til að hafa frumkvæði að nýjum verkefnum í samvinnu við landeigendur þar sem nóg er af verkefnum byggðarlaginu.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.